



Alþingi
Erindi nr. P 136/765
komudagur 20.1.2009

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2009

Efni: Frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, þingskjal 154-139.mál.

Háskóla Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar og fylgja hér með athugasemdir við það. Leitað var eftir sjónarmiðum um frumvarpið frá fræðasviðum Háskólans. Rétt er að taka fram Menntavísindasvið Háskólans, áður Kennaraháskóli Íslands, fékk frumvarpið sent sérstaklega til umsagnar og er sú umsögn er hér fylgir einnig svar við þeirri beiðni. Þá hefur lagadeild Háskólans sent frá sér sérstaka umsögn sem fylgir hér með og er tekið undir þau sjónarmið sem þar eru reifuð.

Bókasafn Háskóla Íslands sem byggt hafði verið upp frá stofnun Háskólans 1911 var flutt í heilu lagi í Þjóðarbókhúsið 1994 við sameiningu Landsbókasafnsins og Háskólabókasafnsins. Á þeim tíma fluttu aðrir skólar á háskólastigi ekki sín bókasöfn inn í hið sameinaða safn. Hið eiginlega Háskólabókasafn hafði þá átt aðsetur í Aðalbyggingu HÍ frá 1. nóvember 1941. Háskóli Íslands hefur byggt upp háskólahluta safnsins og á árinu 2008 lagði skólinn safninu til 38 m.kr. í ritakaupafé, yfir 30 m.kr. vegna landsaðgangs, auk 14 m.kr. vegna þjónustusamnings. Þá leggur Háskólinn um 10 m.kr. árlega til ritakaupa á bókasafni Landspítalans. Að sjálfsögðu ber Landsbókasafni - Háskólabókasafni að þjóna öðrum háskólum, en gæta verður að því um leið að sérstakt vægi og hlutur Háskóla Íslands í tilurð, uppbyggingu, aðföngum, notkun, stjórn og starfrækslu háskólasafnsins um langt árabíl sé ekki fyrir borð borinn. Háskóli Íslands hefur mikla sérstöðu á meðal háskólastofnana landsins. Hann stendur fyrir að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum vísindarannsókna sem stundaðar eru í landinu og er lang stærsti og öflugasti háskóli landsins á hvaða mælikvarða sem lagður er. Háskólarannsóknir og kennsla krefjast aðgangs að bókum og tímaritum. Þetta á ekki síst við um rannsóknatengt framhaldsnám, meistara- og doktorsnám, sem orðið er helsti vaxtarbroddurinn í starfi Háskóla Íslands. Viðgangur framhaldsnámsins er mikilvæg viðleitni til að styrkja starf Háskólans og stöðu sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla í þágu samfélagsins alls. Ljóst er að öflugur rannsóknaháskóli er eitt frumskilyrði þess að efla samkeppnishæfni Íslands í vísindum, atvinnuþróun og menningu í þekkingarsamfélagi heimsins. Einkar mikilvægt er því að standa vörð um rannsóknahlutverk Háskólans og efla og styrkja rannsóknastarf hans til að gera honum kleift að gegna áfram hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Einkar mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni er gott og öflugt bókasafn sem byggt er upp í nánum tengslum við Háskólann og vísindamenn hans. Allur umbúnaður, tækjakostur og mannaflí safnsins þarf að taka mið af hlutverki þess sem bókasafns rannsókna. Háskóli Íslands á í reynd ekkert annað bókasafn en það sem er hluti af Landsbókasafni - Háskólabókasafni, ef frá er talið bókasafn Menntavísindasviðs sem var áður bókasafn Kennaraháskóla Íslands.

Háskóli Íslands gerir sérstakar athugasemdir við eftirfarandi efnisatriði:

A. Með frumvarpinu er dregið mjög úr tengslum Háskóla Íslands við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, í senn hvað varðar sérstöðu þess sem bókasafns Háskóla Íslands og aðild Háskólans að stjórn þess, sbr. 2. gr. Til viðbótar er í frumvarpinu lagt til að stjórnin verði ráðgjafanefnd “í samræmi við þau meginsjónarmið að það skuli vera forstöðumaður sem ber ábyrgð á starfsemi stofnunar, sbr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.” Ekki eru færð nein rök fyrir þessu meginsjónarmiði, heldur virðist



Það vera fyrir fram gefin forsenda. Ein regla getur varla átt við um allar opinberar stofnanir, heldur verður í hverju tilviki að taka tillit til sérstöðu þeirrar starfsemi sem um ræðir. Í tilviki háskólabókasafns, sem háskólastofnunar, er þannig mikilvægt að tryggja aðkomu og bein áhrif fulltrúa samfélagsins að stjórnun þess og stefnumótun. Ekki er hollt að færa það á eina hendi án nokkurs greinarmunar á faglegri og rekstrarlegri ábyrgð.

B. Í gildandi lögum skipar háskólaráð tvo menn í (fimm manna) stjórn, en skv. frumvarpinu skipar háskólaráð HÍ einn fulltrúa og samstarfsnefnd háskólastigsins annan. Þannig er dregið verulega úr sérstöðu Háskóla Íslands og tengslum hans við safnið, þrátt fyrir stóra hlutdeild hans í því. Þá vekur það einnig athygli að ekki er gert ráð fyrir að starfsmenn bókasafnsins eigi lengur áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnar eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Háskóli Íslands leggur áherslu á að eiga áfram tvo fulltrúa í stjórn og gerir ekki athugasemd við að samstarfsnefnd háskólastigsins eigi jafnframt einn fulltrúa.

C. Athygli vekur að í frumvarpinu er felld burtu tilvísun til hlutverks þess sem rannsóknabókasafns á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði. Eðli máls samkvæmt hefur háskólabókasafnið frá öndverðu veitt þjónustu vegna rannsóknastarfsemi Háskólans og eitt af meginmarkmiðum samnings Háskólans og safnsins er jafnframt að styrkja safnið sjálft sem rannsóknastofnun á sviði bókfræði og bókasafns- og upplýsingafræði. Án rannsóknahlutverks glatar safnið forystuhlutverki sínu á meðal bókasafna á Íslandi og getur hvorki sinnt sem skyldi varðveisluné þjónustuhlutverki sínu við vísindastarfsemi Háskólans. Í frumvarpinu er kveðið á um að safnið veiti aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði og bókasafns- og upplýsingafræði, en í gildandi lögum er safninu gert að halda uppi rannsóknum á sviði íslenskrar bókfræði og bóksögu. Ekki eru færðar fram neinar skýringar á þessari fyrirhuguðu breytingu. Þá verður ekki séð að gert sé ráð fyrir að starfsfólk safnsins sé sérlega í stakk búið til að sinna hlutverki rannsóknabókasafns. Víða erlendis eru sérstök samtök rannsóknarbókasafna, einkum háskólabókasafna, sem undirstrikar sérstöðu þeirra.

Með frumvarpinu virðist þannig miðað að því að laga starfsemi safnsins eins og hún er í dag skv. gildandi lögum að ómótaðri en almennri safnastarfsemi án skýrra tengsla við rannsóknavinnu kennara og nemenda og margvíslega þjónustu við starfandi kennara í skólum landsins. Erfitt er að sjá að með frumvarpinu sé að því stefnt að styrkja og móta sterkan og um leið sérhæfðan bakhjarl öflugs rannsóknaháskóla.

D. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstökum samstarfssamningi við Háskóla Íslands, en að öðru leyti er málið skilið eftir opið og engin leið að sjá hvaða línur verða lagðar þar um samvinnu, aðföng og þjónustu við einstök fræðasvið Háskólans og hvernig því verður gert kleift að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til háskólabókasafns. Sérstaka athygli vekur að þótt Landsbókasafn – Háskólabókasafn sé í orði kveðnu í frumvarpinu bókasafn Háskóla Íslands, þá er hvergi rætt um þjónustu við HÍ öðruvísi en að nefna aðra háskóla landsins í sömu andrú. Hér er um mikla stefnubreytingu að ræða frá gildandi lögum og hlýtur að kalla á grundvallarendurskoðun á starfinu í safninu og þeirri þjónustu sem því er ætlað að veita. Allir skólar á háskólastigi í landinu hafa aðgang að Landsbókasafni – Háskólabókasafni, en Háskóli Íslands hefur ekki aðgang að þeirra söfnum.

Í ljósi framangreinds kallar frumvarpið í reynd á endurskoðun bókasafnsstefnu Háskóla Íslands, m.a. hvað varðar þjónustu við einstök fræðasvið Háskólans og hlutskipti núverandi bókasafns Menntavísindasviðs og tengsl þess við Landsbókasafn - Háskólabókasafn í framtíðinni. Hið sama á við um Bókasafn Landspítalans sem er í raun heilbrigðisvísindabókasafn landsins. Rekstur þess er þáttur í starfsemi Landspítalans sem háskólasjúkrahúss, þar sem kennsla og vísindarannsóknir tengjast og eru samþattuð við þjónustu og umönnun sjúklinga í daglegu starfi, sbr. 4. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Bókasafnið er þannig mjög nauðsynlegt starfsemi Landspítalans og Háskóla Íslands. Bókasafn af þessu tagi þarf að vera aðgengilegt, þjónusta og tæki virk. Það þarf að geta sinnt hlutverki sínu hratt og skilvirk, bæði vegna þjónustu við sjúklinga og vísindarannsóknir.



Bókasafn Landspítalans uppfyllir þessi skilyrði. Fyrir liggur sameiginlegur skilningur HÍ og LSH um notkun og samskipti við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn vegna bókasafns á LSH. En fjárhagsleg samskipti og skipting kostnaðar á milli Háskólans og spítalans vegna bókasafnsins á LSH liggur ekki fyrir, m.a. þar sem orðið hafa breytingar vegna miðlunar gagna á rafrænu formi og skráningar notkunar. Fjárhagsleg samskipti og skipting kostnaðar vegna bókasafns er hluti heildarsamkomulags um rekstur og fjárhagsábyrgð sem unnið er að á milli HÍ og LSH. Rætt hefur verið um það að HÍ og LSH vinni í sameiningu að því að afla bókasafni Landspítala viðurkenningar sem Heilbrigðisvísindabókasafns Íslands sem rekið verði sameiginlega af HÍ og LSH sem sjálfstæð sameiginleg stofnun beggja. Gerðir verði þjónustusamningar við aðra háskóla og sjúkrahús sem þess óska. Við skipulag safnamála á Íslandi er mjög nauðsynlegt að þessi sérstaða Bókasafns Landspítalans sé skýr, og hún sé viðurkennd. Því er mælt til að bókasafnið verði formlega skilgreint í lögum sem Heilbrigðisvísindabókasafn Íslands. Samningar verði gerðir við aðrar heilbrigðisstofnanir og menntastofnanir, m.a. Háskóla Íslands eða heilbrigðisvísindasvið hans um bókasafns og upplýsingaþjónustu.

Verði frumvarpið að lögum vakna upp spurningar um hagkvæmni þess að reka þjóðarbókhöfðu og háskólabókasafn í einu lagi einkum vegna þess að eignarhald á aðföngum er óljóst. Þarfir Háskóla Íslands kalla á að bókasafn hafi yfir viðamiklu fræðilegu efni að ráða, sem fyrst og fremst er ákveðið af þeim sem sinna kennslu og rannsóknum.

Virðingarfyllt,
f.h. háskólarektors

Þórður Kristinsson
Sviðsstjóri kennslusviðs